

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík 15. september 2016
UST201607-056/A.B.G.
08.14.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - GMR endurvinnslan - frekari umsögn

Visað er til fyrri samskipta vegna erindis Skipulagsstofnunar vegna breytinga á úrgangsmálum GMR Endurvinnslunnar, og sérstaklega svarbréfs GMR, dagsett 1. september s.l.

Fyrri umsagnir Umhverfisstofnunar hafa tekið mið af tveimur megin sjónarmiðum í málinu, annars vegar hefur stofnunin nálgast málið frá umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og hins vegar út frá lagaumhverfinu.

Umhverfisstofnun telur enn að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar séu ekki fyllilega reifuð í gögnum málsins. Í fyrri umsögnum hefur verið bent á að losun á krómi kemur til með að aukast mikið en fram hefur komið að í fódöringum og gjalli er að finna styrk upp á 708, 1 mg/kg og magn tölu upp á 872,3 kg á ári. Í þessu sambandi hefur stofnunin bent á það skiptir máli á hvaða oxunarstigi umrætt króm er. Umhverfisstofnun hefur bent á að samkvæmt reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang kemur fram í I. viðauka B undir númerinu 100200 (úrgangur frá járn- og stáliðnaði) og næstu númerum þar á eftir að gjall frá stáliðnaði geti flokkast sem spilliefni. Úrgangur sem í skránni er auðkenndur með stjörnu * og annar úrgangur sem hefur einn eða fleiri eiginleika sem tilgreindir eru í III. viðauka eru spilliefni. Viðauka III var skipt út í heild sinni með breytingarreglugerð 596/2015 til innleiðingar á EES gerð. Til að hægt sé að átta sig á því hvort úrgangur flokkist sem spilliefni eða ekki þá þarf að para efnainnihald saman við EES gagnagrunn hjá Efnastofnun Evrópu, og skoða svo mörkin í nýjum viðauka III. Þá hefur stofnunin að auki bent á að um er að ræða urðun sem losar aðra þungmálma út í umhverfið og meta þurfi samlegðaráhrif þeirra með því sem nú þegar er losað á svæðinu og hvaða áhrif slík losun geti haft á umhverfið.

Rétt er að hafa í huga að flæðigryfjur eru fyrst og fremst nothæfar og hannaðar til að meðhöndla flúorríkan úrgang eins og þann sem kemur frá álverum en fallist hefur verið á þetta fyrirkomulag vegna úrgangs Elkem. Mat á umhverfisáhrifum fór fram fyrir notkun flæðigryfja bæði hjá Norðuráli og Elkem. Það mat gerði ekki ráð fyrir þeirri viðbót sem hér er um að ræða. Í þessu sambandi hefur stofnunin einnig bent á að nauðsynlegt kunni að vera að viðhafa auknar mótægisaðgerðir vegna óafturkræfni urðunarinnar. Fátt hefur komið fram um mótægisaðgerðir af hálfu rekstraraðila í þeim gögnum sem stofnunin hefur undir höndum.

Hvað lagaumhverfið varðar er rétt að hafa í huga að verkefni af þessu tagi sem hér er til umræðu er mögulega breyting á nýtingu svæðisins úr flæðigryfju yfir í urðunarstað en slík breyting er háð skipulagi. Urðunarstaðir og „aðrar“ förgunarstöðvar sem taka við meira en 500 tonnum af úrgangi á ári eru háðar mati á umhverfisáhrifum sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun hefur einnig bent á að GMR hefur ekki heimild í starfsleyfi fyrir að nýta flæðigryfjur eins og Elkem og Norðurál enda var gert ráð fyrir því við vinnslu starfsleyfis GMR að ekki

kæmi til þess að urða ætti úrgang frá fyrirtækinu. Umhverfisstofnun hefur því bent á að meta þurfi hvort þörf sé á nýju starfsleyfi vegna þessara breytinga sem rekstraraðili hefur í huga. Bent hefur verið á þetta í fyrri umsögnum.


Í svarbréfi GMR kemur ekkert fram, að mati stofnunarinnar, sem raskar þeim rökstuðningi fyrir þörf á umhverfismati sem Umhverfisstofnun hefur áður komið á framfæri. Rætt er um flokkun spilliefna samkvæmt reglugerð nr. 184/2002 og fullyrt að vitað sé að sá úrgangur sem til stendur að urða í flæðigryfjunni flokkist sem 100202, sem er óunnið gjall og að fóðringar séu sjálfkrafa flokkaðar sem 100299, sem er úrgangur sem ekki er tilgreindur með öðrum hætti. Í þessum svörum er því skautað framhjá ábendingu stofnunarinnar í bréfinu frá 17. ágúst s.l., þ.e. umfjöllun um að nú er þörf á því að para saman efnainnihald við EES gagnagrunn hjá Efnastofnun Evrópu og skoða útkomu þess í nýjum viðauka III sem tók gildi 2015. Þó að efnagreining hafi farið fram er ekki sýnt fram á að samanburður hafi farið fram við umræddan gagnagrunn og því er ekki hægt að fullyrða neitt um það ennþá hvort um spilliefni er að ræða eða ekki. Á meðal þeirra atriða sem skipta hér máli er áður nefnt oxunarstig á krómi. Útreikningar á aukningu útskolunar króms benda til þess að losunin margfaldist en ekki er hægt að fullyrða um áhrif uppsöfnunar þó að streymið nái að mati framkvæmdaraðila að vera innan marka reglugerðar nr. 796/1999. Styrkurinn í umhverfinu er t.a.m. ekki ekki gefinn upp. Að mati Umhverfisstofnunar vantar ítarlegri umfjöllun um þennan þátt.


Umhverfisstofnun bendir enn á að hugsanlegt er að vanadíum sé að finna í stáli en það getur verið í sérstaklega hertu stáli. Rekstraraðili, GMR, hefur heimildir í starfsleyfi til að bræða brotajárn, ekki er óhugsandi að eitthvað af því brotajárni geti innihaldið vanadíum. Að mati stofnunarinnar vantar rök rekstraraðila fyrir því að ekki geti verið vanadíum í gjalli eða fóðringum.

Þó það sé aukaatriði í þessu tiltekna máli, er einnig ástæða til að bregðast við því að í svarbréfinu er gerð athugasemd við að Umhverfisstofnun ræði um flæðigryfjur sem bráðabirgðalausn. Umhverfisstofnun bendir á að flæðigryfjur eru tímabundin verkefni á hverri staðsetningu sem heimiluð eru í starfsleyfi og í gegnum skipulagsáætlanir. Stofnunin telur að huga beri að annars konar förgunarlausnum og endurnýtingu í framtíðinni og að bera eigi aðrar lausnir ítarlega saman við notkun á flæðigryfjum.

Að öðru leyti er vísað til fyrri umsagna Umhverfisstofnunar frá 17. ágúst og 5. janúar s.l.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg B. Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Sigurður Ingason
Sérfræðingur